

Myndband um fordóma umræðupunktur



Ráðleggingar og dæmi um svör með umræðupunktum

Í myndbandinu kemur fram að fordómar birtist meðal annars á samfélagsmiðlum og spjallrásum tölvuleikja.

Hafið þið orðið vitni af fordómum á þessum stöðum?

Hvar annars staðar hafið þið orðið vitni af fordómum?

Hvers kyns fordómum?

Hér getur verið gott að láta nemendur velta þessu fyrir sér í þörum í 1-2 mínútur og fá þá svo til að deila.

Hvað er átt við í myndbandinu þegar fordómum er líkt við samtenginguna á poppi og kóki eða malti og appelsíni? Getið þið nefnt dæmi.

Hér er verið að vísa til þess hvernig ákveðnir hópar eru oft sjálfkrafa tengdir við neikvæða eiginleika eða hegðun, líkt og tveir hlutir sem eru alltaf settir saman þótt engin eðlileg eða sanngjörn tenging sé þar á milli. Til dæmis sjáum við svona tengingar oft í sjónvarpsefni. Þetta er því lærd hegðun og við erum ekki alltaf meðvituð um þessar samtengingar.

Ath: Ef nemendur þurfa aðstoð við að finna dæmi má t.d. nefna:

Innflytjendur og afbrot - Oft er talað um að innflytjendur séu líklegri til að fremja glæpi þrátt fyrir að slíkt byggist ekki á staðreyndum,

Ungt fólk og leti - Oft er talað um að ungmenni séu löt og ábyrgðarlaus þrátt fyrir að það endurspegli ekki raunveruleikann.

Múslimar og hryðjuverk-Í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum hafa múslimar ítrekað verið sýndir sem hryðjuverkamenn sem skapar ranga og skaðlega ímynd af stórum, fjölbreyttum hópi fólks.

Feitir og óheilbrigði - Oft er talað um að þeir sem eru feitir hreyfi sig ekki eða lifi mjög óhollu lífi en ekki er hægt að sjá það út frá holdafar fólks hversu heilbrigðu lífi þeir lifa

Mikilvægt er að ítreka að slíkar samlíkingar séu ósanngjarnar.

Af hverju er fólk með fordóma? Hvað haldið þið?

Hér er hægt að benda nemendum á að við fæðumst öll fordómalaus og að fordómar séu lærðir. Við lærum þá til dæmis af umhverfinu og í sjónvarpsefni. Fordómar byggjast líka oft á vanþekkingu.

Lærðuð þið eitthvað nýtt í myndbandinu? Hvað fannst ykkur áhugaverðast?